

John Stuart Mill. Siðfræði í bók hans, Nytjastefnunni, vangaveltur Roger Crisp og gagnrýni Kristjáns Kristjánssonar

John Stuart Mill (1806-1873) var enskur heimspekingur og siðfræðingur – ekki síst kunnur fyrir skrif sín um undirokun kvenna. Hér er leitast við að miðla hugsun hans sem skýrast og því vísað til orða hans sjálfs og túlkunar Rogers Crisp á bók hins fyrrnefnda, Nytjastefnunni, séð í ljósi vangaveltna hans um fræði höfundar og annarra siðfræðinga. (Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1998.)

Inngangur eftir Roger Crisp: „Í siðfræði sem byggist ekki á afleiðingum athafna, til dæmis siðfræði Kants, er því haldið fram að ákveðnar athafnir séu rangar í sjálfum sér en ekki rangar vegna afleiðinganna sem þær hafa á hamingjuna eða eitthvað annað.“ 27

„... að aðgreina siðfræðikenningar eftir því hvort þær taki eða taki ekki mið af einstökum geranda...“ 27

„Reglunytjastefna....beinist að athöfnum eins og athafnanytjastefna, en ólíkt henni er hún óbein kenning, því samkvæmt henni ræðst rétt og rangt af reglum sem réttlættar eru á grundvelli nytjareglunnar. Athafnanytjastefnan er bein kenning“ 33

„...að það sem réttlætir málflutning hans fyrir stigskiptingu siðferðilegrar hugsunar eftir aðstæðum felist í því að sé hugsun á réttu stigi beitt í hverju tilfelli náist fram mest hamingja umfram sársauka.“ 44

„...mótbárana....sem snýst um það að gerandinn ljær eiginhagsmunum sérstakt vægi, má finna í skrifum Bernards Williams...“heilindamótbáran.“

„Sökum þess að mönnum hefur alltaf verið umhugað um hamingjuna hefur nytjareglan eða heillareglan haft veruleg áhrif á skoðanir í siðferðilegum efnum án þess að menn hafi gert sér grein fyrir því.“ 69

„Nytsemi“ er ekki það sem er „nytsamt“ andstætt „ánægju“ eða „hinu ánægjulega.“ Nytsemi er ánægja og nytjastefnan verður því hvorki gagnrýnd né lofuð fyrir að vera fráhverf ánægju.“ 70

Nytjastefna: rétt breytni er sú sem stuðlar að mestri hamingju (ánægju) umfram óhamingju (sársauka). Ánægja og sársauki segja til um gæði (sældarhyggja). 70

„...æðri sálargáfna. Til slíkrar ánægju telst andleg ánægja, siðferðileg ánægja og sú sem tengist öðrum tilfinningum. Nytjahyggjumenn geta haldið því fram að slík ánægja sé dýrmætari bæði vegna þess að hún er varanlegri og svo framvegis og einnig vegna þess að hún er meiri að gæðum.“ (en ánægja svína). 71

„Nytjahyggjumenn hvetja til manngöfgi óháð því sem að ofan greinir vegna þess að hún hefur góðar afleiðingar í för með sér fyrir aðra.“ 72

„Heilla reglan: Endanlegt markmið er sem mest ánægja umfram sársauka eins og það er metið af til þess bærum dómurum. Þar sem þetta er markmið mannlegrar breytni þá er það einnig markmið siðferðisins, en það er ofið úr þeim reglum sem duga best til að ná þessu marki.“ 72

„Nytjastefnan krefst þess af gerandanum að gera eigin hamingju og hamingju annarra jafn hátt undir höfði.....Menntun og almenningsálit eiga að koma á tengslum milli þessa tvenns í huga hvers manns.“ 74

„Nytjahyggjumenn halda því fram að hvatir hafi ekki siðferðilegt gildi. Í tilfellum þar sem breytt er af skyldurækni krefst nytjastefnan oftast að gerandinn beri ekki hag mannkynsins alls fyrir brjósti. 74-75

„Nytjastefnumenn meta athafnir óháð eiginleikum gerandans eins og allir siðfræðingar gera.....halda.....ekki fram að dygðin ein skipti máli....Það eru engu að síður sterk tengsl milli dygðar og rétrar breytni.“ 75

„Ytri uppsprettur (sanctions): Nytjastefnuna má styðja með félagslegum og trúarlegum uppsprettum. Innri uppsprettur: Eðli samviskunnar.“ 78

„Skoðun innsæishyggjumanns á ásköpuðu siðviti sem feli í sér hlutlæga skuldbindingu er samt ekki andstæð nytjastefnunni.“ 78

„.....byggir á náttúrulegri samfélagskennd manna.“ 79

„Samkvæmt nytjastefnunni er hamingjan hið eina sem er eftirsóknarvert.“ 79

„Samkvæmt N er dygð eftirsótt sjálfrar sín vegna en sem hluti hamingjunnar.“ 80

„Samkvæmt N er ástundun dygðar mikilvægari en allt annað fyrir almannaheill. Af þessu leiðir að ekkert er eftirsótt nema hamingjan. Mennirnir sækjast eftir dygð ýmist vegna þess að þeim er ánægja að vera sér vitandi um hana eða vegna þess að þeim er þraut að vita sig án hennar.“ 80

„Hvað er það sem er sagt vera ranglátt?

Fyrsta svið: lagalegur réttur. Það er talið ranglátt að svipta einhvern því sem hann á lagalegan rétt á. Annað svið: siðferðilegur réttur. Sum lög eru sjálf talin ranglát og brjóta því í bága við siðferðilegan rétt manna. Þriðja svið: makleg málagjöld. Það er talið ranglátt að einhver hljóti gæði eða verði fyrir böli sem hann á ekki skilið. Fjórða svið: samningar. Það er talið ranglátt að rjúfa skuldbindingar við aðra sem komust á þvingunarlaust. Fimmta svið: óhlutdrægni. Það er talið ranglátt að vera hlutdrægur á óviðeigandi hátt. Sjötta svið: jöfnuður. Sérhver maður telur réttlæti krefjast jöfnuðar, nema þegar ójöfnuður er betri fyrir heildina.“ 82

„Hinir tveir þættir réttlætiskenndarinnar eru (i) löngunin til að refsa þeim sem hefur valdið skaða og (ii) sú skoðun að einhverjum ákveðnum einstaklingi hafi verið unnið mein. Löngunin til að refsa sprettur af (i) sjálfsvarnarhvöt og (ii) samkennd. 82

„Flestar réttlætisreglur eru ekki annað en leiðir til að gjalda illt við illu og gott með góðu.“ 86
Bókin: „Frá árdögum heimspekinnar hefur spurningin um hin æðstu gæði – eða um grundvöll siðferðisins sem er sama spurningin – talist meginvandi heimspekilegrar hugsunar.“ 91

„.... en þegar æskumaðurinn Sókrates hlýddi á mál hins aldna Prótagórasar og hélt fram kenningu nytjastefnunnar gegn alþýðlegri siðspeki hins svonefnda fræðara“ 91

„ – en rætur geta gegnt hlutverki sínu þótt aldrei sé grafið niður að þeim og þær dregnar fram í dagsljósið.“ 93

„... því að ... „Heimspeki þessa mæta manns mun lengi marka áfanga í sögu heimspékilegrar hugsunar. Í ritgerð sinni setur Kant fram algilt lögmál sem upphaf og grundvöll siðlegrar skyldu. Lögmálið er þetta: „Breyttu þannig að reglan sem þú ferð eftir geti orðið að lögmáli fyrir allar skynsemisverur.“ S. 97

„Einnig má bæta því við að margir sem í eldmóði æskunnar eru hlyntir öllu göfugu verða með aldrinum værukærir og eigingjarnir.“ 108

„...nytjastefnan „Menn skyldu fremur leita hamingjunnar en bíða hennar, en hafa þó að leiðarljósi að búast ekki við meira af lífinu en það getur veitt.“ 113

„Meginþættir í góðu lífi virðast vera tveir og oft nægir að annar þeirra sé fyrir hendi. Þetta eru kyrrð og tilbreyting.“ 114

„Það er kjarninn að gera öðrum svo sem þú vildir að þeir geri þér og að elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“ 120

„Jafnvel óviljandi frávik frá sannleikanum veikir traust á málflutningi allra manna – en hann er ekki aðeins meginstoð heilbrigðs samfélags, heldur er ótraustur málflutningur meiri dragbítur en nokkuð annað á siðmenningu, siðgæði og hvaðeina sem hamingja alls mannkyns veltur á.“ 130-131

„...þar til umbætur í menntun hafa elft svo samkenndina með bræðrum okkar að hún verði rötgróin í skapgerð okkar eins og Kristur ætlaðist án efa til) og samgróin eðli okkar, rétt eins og andstyggð á glæpum er hjá venjulegu vel siðuðu ungmenni.“ 138

„...ytri uppsprettur... felast í voninni um velþóknun og óttann við vanþóknun meðbræðra okkar eða Drottins allsherjar, í þeirri samúð og kærleika sem við kunnum að bera til þeirra, eða í guðsótta sem fær okkur til að gera vilja Drottins án þess að hugsa um eigin hag.“ 139

Kristján Kristjánsson: Þroskakostir, Rvk. 1992, s. 71-98: „Formlegi vandinn. Hamingja eins manns er ómælanleg, ánægjuefni fleiri manna eru ósambærileg. Því er sjálft inntak nytjastefnunnar haldlaust sem markmið siðlegrar breyttni.

Hagnýti vandinn. Stefnan krefst þess að menn séu sífellt að vega og meta einhverja kosti til að geta valið þann skynsamlegasta. Þar sem við fáum aldrei frjálsa stund í þessum nytjareikningi og þurfum að vera með nefið niðri í hvers manns koppi er nytjastefnan á endanum sjálfskæð: Kröfur hennar sjálfrar gera okkur ókleift að lifa ánægjulegu lífi.

Blóravandinn. Engin breyttni er talin svo viðurstyggileg að leggja megi blátt bann við henni, ekki einu sinni að fórna sakleysingjum fyrir velferð heildarinnar. Því stangast nytjastefnan á við margt af því sem okkur er heilagast og sem hlýtur að vera kjarni hverrar siðfræði.

Heilindavandinn. Nytjastefnan gerir kröfur um vélræna útreikninga á velferð sem grafa undan heilindum okkar og granda þar með allri ástæðu okkar og hvöt til að lifa lífinu.

Samrunavandinn. Nytjastefnan tekur ekkert tillit til sérstöðu einstaklinga heldur lætur þá renna saman í eitt.“ 74

„Nytjastefnan byggist á vongróinni viðleitni manna til að stuðla að betri og fegurri heimi. Sá sem hafnar henni verður að gæta þess að ekki fari fyrir honum eins og rakkanum í sögunni sem sleppti beininu til þess eins að grípa eftir skugga þess.“ 98